

Ísótóparannsókn af nýrum (Sestamibi)

Ísótóparannsóknin veitir upplýsingar um starfsemi nýrna. Gera þarf ráð fyrir að rannsóknin taki um þrjár klukkustundir.

Undirbúningur

Fasta þarf á mat og drykk frá miðnætti kvöldið fyrir rannsókn.

Rannsóknardagur

- Við komu á deild er settur æðaleggur í handlegg og í hann gefinn ísótópur sem er geislavirkt efni.
- Liggja þarf kyrr á rannsóknarbekk í um 30 mínútur á meðan myndavélar nema geislun frá líkamanum.



Best er að nota inngang Eiríksgrötu megin og gefa sig fram við afgreiðslu deildar 10G. Athygli er vakin á því að bílastæðin eru gjaldskyld.

Rannsóknin

- Settur æðaleggur.
- Gefinn ísótópur í æð.
- Myndataka fyrri hluti í um 30 mínútur.
- Bíða þarf í 30-45 mínútur.
- Myndataka seinni hluti í um 30 mínútur.

Eftir rannsókn

- Niðurstöður rannsóknar berast innan viku til þess læknis sem pantaði rannsóknina.
- Mikilvægt er að drekka vel eftir rannsóknina það sem eftir er dags því efnið skilst úr líkamanum með þvagi.
- Þar sem geislavirkt efni er notað í rannsókninni þarf að forðast mikla snertingu við aðra í 24 klukkustundir eftir rannsóknina, meðan efnið er að fara úr líkamanum. Mikilvægt er að forðast alla snertingu við barnshafandi konur og að hafa börn í fanginu þar sem þau eru viðkvæmari fyrir geislun en fullorðnir.
- Ef fyrirhugað er að ferðast til útlanda skömmu eftir rannsókn er ráðlagt að fá vottorð til að framvísa á flugvellinum. Starfsfólk deildar veitir nánari upplýsingar.

Velkomið er að hafa samband ef spurningar vakna.

Röntgendeild Landspítala við Hringbraut, sími 543 5050, isotop@landspitali.is